

SAMÞYKKT

um kattahald í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra.

1. gr.

Kattahald í Húnaþingi vestra sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2.gr.

Allir heimiliskettir í þéttbýli í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra skulu skráðir á skrifstofu Húnaþings vestra og þar fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Greiða skal skráningargjald, sem nemur sannanlegum kostnaði vegna skráningar kattarins.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

3. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2.mgr. 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað.

6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Húnaþings vestra staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda heimilisketti skulu skrá þá á framangreindri skrifstofu fyrir 1. desember 1999 og fá þar afhenta númeraða plötu, sbr. ákvæði 2. gr.

Umhverfissráðuneytinu 10. nóvember 1999.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.